

Til: Sveitarstjórn Langanesbyggðar



Efni: Rekstur HSB – endurnýjun samnings

Laugum, 30. september 2024

Ágæta sveitarstjórn

Nú líður að lokum rekstrarsamnings sem Héraðssambandið (HSP) hefur haft við sveitarfélagið. Af því tilefni óskum við eftir nýjum samningi við sveitarfélagið. Stjórn HSP óskar eftir fundi með sveitarstjórninni til þess að fara yfir málefni sambandsins og drög að nýjum samningi.

Síðastliðið starfsár markaði stór tímamót innan íþróttahreyfingarinnar með breytingum á úthlutunarreglum ÍSÍ og UMFÍ á lottótekjum hreyfingarinnar. Breytingin var að okkar mati nauðsynleg, en mun engu að síður koma illa niður á tekjuliðum HSP og þ.m.t. aðildarfélaganna. Í stuttu máli vill stjórn HSP óska eftir því að rekstrarstyrkur sveitarfélagsins til sambandsins verði hækkaður, að minnsta kosti í takti við hækkun á vísitölu neysliverðs frá 2019 þegar styrkur sveitarfélaganna var hækkaður, en helst þannig að styrkur sveitarfélaganna dugi til fyrir launakostnaði og rekstri skrifstofu sambandsins og þeirra verkefna sem þar falla undir.

HSP gegnir lagalegri skyldu innan íþróttahreyfingarinnar (5. gr. Íþróttalaga 1998<sup>1</sup>, 2. gr. og 46. gr. laga Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands<sup>2</sup>). Íþrótt- og ungennafélög geta ekki orðið aðilar að íþróttahreyfingunni án þess að fá tilheyra íþróttahéraði<sup>1, 2, 3</sup>. Verkefni skrifstofu HSP hefur þróast samhliða þeim breytingum sem átt hafa sér stað í samfélaginu á sl. örfáum árum. Má þar síðast nefna tilkomu laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna en skv. 1. lið 2. gr. laganna er allt skipulagt starf íþróttafélaga hluti af almennri þjónustu í þágu farsældar barns<sup>4</sup>.

Hjálögð er ársskýrsla sambandsins, þar sem m.a. er að finna ársreikninga sambandsins, og kynning sem okkur langar til að fara yfir með fulltrúum sveitarfélagsins vegna nýrra samningsdraga. Reikningur vegna rekstrarstyrks 2024 skv. samningi fylgir einnig með – þökk fyrir stuðninginn.

Virðingarfyllst,

Gunnhildur Hinriksdóttir  
framkvæmdastjóri HSP

<sup>1</sup> Íþróttalög nr. 64, 1998. Sótt af <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1998064.html>

<sup>2</sup> Lög Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands. Sótt af <https://www.isi.is/library/Skrar/Efnisveita/Log-og-reglugerdir/L%20c3%b6g%20c3%8dS%20c3%8d%202023.pdf>

<sup>3</sup> Lög Ungmennafélags Íslands. Sótt af <https://www.umfi.is/umfi/loeg-og-reglugerdir/loeg/>

<sup>4</sup> Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86, 2021. Sótt af <https://www.althingi.is/altext/151/s/1723.html>